

# STEINVARI 2000

**STEINVARI 2000** er terpentínubynn-anleg akrýlbundin málning, sem hefur þá einstöku eiginleika að vera þétt gegn vatni í fljótandi ástandi, en hleypa raka í loftkenndu ástandi vel í gegnum sig eða um tvöfalt betur en hefðbundin plastmálning.



STEINVARI 2000 fullnægir ítrustu kröfum um yfirborðsmeðhöndlun á múr og steinsteyptum flötum utanhúss þar sem hann er gæddur eftirtöldum sérkostum.

Hleypir raka (gufu) úr steinum auðveldlega í gegnum sig. Er þéttur gegn slagregni. Er sjálfgrunnandi, þ.e. sérstök grunnun er óþörf í flestum tilvikum þótt um duftsmitandi fleti sé að ræða. Þolir regn fljótlega eftir málun. Þolir að málað sé við lágt hitastig (a.m.k. 10 stiga frost). Hefur frábært veðrunar- og alkalíþol.

## Litir:

**STEINVARI 2000** er framleiddur í um 10 STAÐALLITUM. Auk þess er boðið upp á sérlitun, þegar um kaup á umtalsverðu magni er að ræða.

## Áferð:

Slétt, mött.

## Málun:

Nota má pensil, rúllu eða sprautu. **STEINVARI 2000** hentar sérlega vel til rúllunar beint á stein. Ráðlegt er að fara 2 umferðir og fyrri umferð þá gjarnan lítillaga þynnt (5-15%).

## Varúðarflokkur:

2 - 1.

## Þynnir:

MÍNERALTERPENTÍNA, ef þörf krefur.

## Hreinsun áhald:

MÍNERALTERPENTÍNA.

## Þurrktími:

Um 1,5-2 klst.við 20°C.

## Yfirmálun:

Eftir minnst 8-16 klst.

## Þykkt (flæðiseigja):

Um 110-120 KU (25°C).

## Eðlismassi:

Um 1,4 g/ml við (25°C), svólítið breytilegt eftir lit.

## Þurrefni:

Um 72% af massa eða um 48% af rúmmáli (reiknað), svólítið breytilegt eftir lit.



## Efnisnotkun:

Um 0,17 l/m<sup>2</sup> í umferð, samsvarar um 80 µm meðalþurrfilmubýkkt.

## Hitastig við málun:

A.m.k. -10°C til + 30°C. Flöturinn skal þó vera minnst 3°C yfir daggarmörk- um loftsins.

## VOC-efni:

Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl. A/c 430 g/l (2010). Þessi vara innheldur að hámarki 430 g/l.